



FÓKUS - VEXTIR

Ríkisskuldabréf og innlán fjármálastofnana

1. janúar 2012

Markmið og fjárfestingarstefna

Markmið sjóðsins er langtíma hækkun eigna með því að fjárfesta í ríkisskuldabréfum eða öðrum fjármálagningum tengdum ríkisskuldabréfum og í innlánnum fjármálafyrirtækja. Sjóðnum er einnig heimilt að fjárfesta í skuldabréfum sveitarfélaga. Meðallíftími skuldabréfa sjóðsins getur verið á bilinu 0-14 ár og þýðir það að verð bréfa í sjóðnum geta sveiflast mikið við breytingar á ávöxtunarkröfu bréfanna á markaði. Virk stýring í sjóðnum gerir það að verkum að mögulegt er að nýta sveiflur á markaði til að ná fram betri ávöxtun til lengri tíma en ef eingöngu er fjárfest í innlánnum.

Sjóðnum er heimilt að eiga allt að 10% í lausu fé til að mæta innlausnum eða tímabundið vegna markaðsaðstæðna. Sjóðnum er einnig heimilt að fjárfesta í afleiðum til að framfylgja fjárfestingarstefnu, en að hámarki 10% af heildareignum. Sú heimild nær einungis til ríkisskuldabréfa.

Fokus - vextir er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Kveðið er á um fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða í fyrrnefndum lögum.

Eignasamsetning

Stærstu eignir

Eignaflokkur	Eign	Lágmark	Hámark
Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	85%	20%	100%
Innlán fjármálafyrirtækja	10%	0%	80%
Skuldabréf sveitarfélaga	5%	0%	5%
Afleiður	0%	0%	10%
Laust fé	0%	0%	10%

RIKS 21 0414	25%
HFF150644	24%
HFF150434	21%
HFF150224	10%
Íslandsbanki innlán	9%

Aðrar upplýsingar

Tölfræði

Stofnár	2009	Viðskiptatími	10:00-15:00	Meðallíftími skuldabréfaeignar, ár	8,7
Hrein eign [m.kr.]	3.756	Kaup/innlausn	1 viðskiptadagur (T+1)	Verðtryggingarhlutfall	85%
Tegund sjóðs	Fjárfestingarsjóður	Lágmarkskaup	10.000	Staðalfrávik ávöxtunar (flökt)**	1,6%
Rekstraraðili	Íslandssjóðir hf.	Lágmarkskaup í áskrift	5.000	Virði í vá (VaR)**	-2,50%
Vörsluaðili	Íslandsbanki hf.	Árleg umsónarlaun, flokkur A*	1,80%		
ISIN	IS0000019594	Árleg umsónarlaun, flokkur B	1,20%		
Sjóðstjóri	Aldís Stefánsdóttir	Kostnaður við kaup, flokkur A*	2,00%		
		Kostnaður við kaup, flokkur B*	0,35%		
		Afgreiðslugjald skv. verðskrá söluaðila			

*Flokkur B er fyrir fjárfesta sem hafa undirritað eignastýringarsamning við Eignastýringarþjónustu Íslandsbanka hf., en flokkur A er fyrir aðra fjárfesta

**Útreikningar miðast við mánaðarleg gildi sl. 12 mánuði

***Árlegt, byggt á gögnum sl. 36 mánuði

Ávöxtun


Gengisþróun frá stofnun sjóðs

Tímabil	Gengisbreyting	Nafnávöxtun á ársgrundvelli
sl. 1 mán	0,97%	
sl. 3 mán	6,62%	
sl. 6 mán	10,15%	
sl. 1 ár	9,15%	9,15%
Frá áramótum	0,00%	
Frá stofnun***	23,32%	11,98%



*** Sjóðurinn hefur verið starfræktur frá 4. febrúar 2010

Ávöxtun




Ár	Árleg raunávöxtun	Árleg nafnávöxtun
2011	3,7%	9,2%

Heimild: Íslandssjóðir

Heimild: Íslandssjóðir

Áhættumælikvarði

Áhættustig sjóðsins



Sjóðurinn hefur mjög sveigjanlega fjárfestingarstefnu, einkum er varðar meðallíftíma skuldabréfa sjóðsins. Fjárfesting í sjóðnum felur í sér áhættu. Gengi sjóðsins getur lækkað jafnt sem hækkað. Gengi og ávöxtun sjóðsins er m.a. háð þróun markaðsvaxta. Ef markaðsvextir hækka, þá lækkar verð skuldabréfa með föstum vöxtum og öfugt. Þessi áhrif eru sterkari eftir því sem líftími skuldabréfa er lengri. Þar sem meðallíftími skuldabréfaeignar sjóðsins getur verið mjög langur geta breytingar á markaðsvöxtum leitt til mikilla sveiflna í gengi og ávöxtun. Breytingar á markaðsvöxtum geta verið óvæntar og hraðar og verð skuldabréfa því sveiflast töluvert til skemmri tíma lítið. Rétt er að hafa hugfast að fjárfestingu í sjóðnum fylgir áhætta og fjárfestir þarf að vera meðvitaður um áhættuþol sitt.

Þrátt fyrir rýmri heimildir fjárfestingarsjóða til fjárfestinga mun Fókus - vextir eingöngu nýta heimild skv. liðum a. og d. í 1. tl. 59. gr. laga nr. 128/2011 um aukið svigrúm til fjárfestinga í einstökum útgefendum auk 38. gr. sömu laga um traust verðbréf. Aukin áhætta sjóðsdeildarinnar sem fjárfestingarsjóðs mun því felast í minni áhættudreifingu heldur en gildir um verðbréfasjóði.

Áhættumælikvarðinn er flókt (staðalfrávik) á gengi sjóða síðustu 12 mánuði og flokkast undir markaðsáhættu.

Nánari upplýsingar

Fyrirvari

Íslandssjóðir hf.
Kirkjusandi 2-4, 105 Reykjavík
Sími 440-4900
www.islandssjodir.is

Söluaðilar:

VÍB, Eignastýringarþjónusta Íslandsbanka hf.
www.islandsbanki.is
Auður Capital
www.audurcapital.is
Arctica Finance
www.arctica.is

Fjárfestingu í fjárfestingasjóðum fylgir ávallt fjárhagsleg áhætta. Eignarhlutdeild í fjárfestingasjóði getur rýrnað, aukist eða staðið í stað og ber m.a. að hafa í huga áhættu vegna efnahagsástands, alþjóðlegra fjárfestinga auk gengisflöks gjaldmiðla þegar eignir sjóðs eru í erlendum gjaldmiðlum. **Bent skal á að ávöxtun í fortíð er hvorki vísbending um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð.** Fjárfestingarmarkmið og fjárhagsstaða fjárfesta eru mismunandi. Þeim aðilum sem hafa hug á viðskiptum er bent á að leita sér sérfræðilegrar ráðgjafar og kynna sér vel hina ýmsu fjárfestingakosti sem í boði eru. Ofangreind umfjöllun veitir einungis takmarkaðar upplýsingar og eru fjárfestar hvattir til að kynna sér vel útboðslýsingu Fókus - Vextir sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti, fjárfestingarstefnu og vikið, á heimasíðu Íslandssjóða hf., www.islandssjodir.is

Umfjöllun þessi er aðeins birt í upplýsingaskyni og skal því ekki lítið á hana sem ráðleggingu/ráðgjöf um að ráðast eða ráðast ekki í tiltekna fjárfestingu eða tilboð um að kaupa, selja eða skrá sig fyrir tilteknum fjármálagerningum.

Íslandssjóðir hf., kt. 690694-2719, er fjármálafyrirtæki með starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfa- og fjárfestingarsjóða og starfar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins.